

Jarðfræðipjónusta Hauks Jóhannessonar ehf.

Nýir jarðhitastaðir í landi Skipholts III í Hrunamannahreppi



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2011/006

Máí 2011

Inngangur

Í þessari greinargerð er lýst nýjum jarðhitastöðum í landi Skipholts III í Hrunamannahreppi. Ekki var vitað um þessa staði og fundust þeir fyrir tilviljun þótt þeir séu skammt frá Þjóðvegi. Þetta er skammt norðan við Prestsholt en við það er ein volgra sem áður hefir verið lýst (Haukur Jóhannesson 2011). Þessir nýfundnu staðir eru í litlu hvolfi við brekkurætur þar sem jarðvegur hefir rofist af (1. mynd). Aftast er tafla yfir staðina (1. tafla) og yfirlitsmynd (6. mynd).



1. mynd. Volgrurnar eru í hlíðarfætinum sem örin bendir á. Nýrra vatnsbólíð er svart rör hægra megin við miðja mynd.

Skipholt III

1. Nyrsti staðurinn af fjórum. Auga sem er um 30 cm í þvermál kemur upp í brekkurótunum (2. mynd). Græn svunta frá því og lækjarsytra. Hæstur hiti mældist 12°C og rennsli er áætlað um 1 l/s. Staðsetning: 64°21'21"; 20°25'60.



2. mynd. Staður 1 í Skipholti III í Hrunamannahreppi.

2. Um sex metrum sunnar en staður 1 er 15°C heitt auga sem kemur upp í gróinni urð neðst í brekkufætinum (3. mynd). Það er um 30 cm í þvermál og rennsli frá því um 1-2 l/s. Grænt slý er áberandi. Staðsetning: 64°21'24"; 20°25'17".



3. mynd. Staður 2 í Skipholti III í Hrunamannahreppi.

- Um sex metrum sunnan við stað 2 er 10°C heitt auga sem kemur upp neðst í urð (4. mynd). Rennsli var metið 0,2-0,3 l/s. Nokkuð slý í sytrunni. Staðsetning: 64°21'721; 20°25'972.



4. mynd. Staður 3 í Skipholti III í Hrunamannahreppi.

- Um átta metrum sunnan við stað 3 er velgja á svæði sem er 2x4 metrar að stærð (5. mynd). Hæstur hiti mældist 10°C og rennsli er 2-3 l/s. Víða vætlar þarna upp og inn í hlíðina hafa verið grafin tvö vatnsból fyrir Hvítárdal. Annað eldra og aflagt en hitt er nýgrafið og yfir því er svart, vítt plaströr. Staðsetning: 64°21'18"; 20°25'86.



5. mynd. Staður 4 í Skipholti III í Hrunamannahreppi. Gamla vatnbólið til vinstri en það nýja til hægri.

Lögbýli	Nr.	Hiti °C	Rennsli l/s	N-hnit	V-hnit
Skipholt III	1	12	1	64°21721	20°25960
Skipholt III	2	15	1-2	64°21724	20°25971
Skipholt III	3	10	0,2-0,3	64°21721	20°25972
Skipholt III	4	10	2-3	64°21718	20°25986

1. tafla. Nýir jarðhitastaðir í landi Skipholts III.



6. mynd. Staðsetning jarðhita í landi Skipholts III.

Heimild

Haukur Jóhannesson 2011. Hrunamannahreppur. Yfirborðsjarðhiti í byggð. Skýrsla unnin fyrir Hrunamannahrepp. ÍSOR-2011/003. 65 bls.